



Alþingi
Erindi nr. P 130/645
komudagur 19.12.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. desember 2003

Sam 346/2003 PS/sp
Tilv.: 215,0

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. desember, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 18. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 30. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum



Umsögn

Sambands íslenskra sveitarfélaga

um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 30. mál

Í frumvarpinu er gerð sú breyting á 6. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 að lágmarksíbúatala í sveitarfélagi er hækkuð úr 50 íbúum í 1000 íbúa.

Stjórnin er sammála því sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að efling sveitarfélaga sé afar mikilvægur þáttur í því að tryggja íbúum landsins góð lífsskilyrði. Jafnframt vísar hún til ályktunar síðasta landsþings sambandsins, sem haldið var á Akureyri í september 2002. Þar var samþykkt að vinna að stækkun og eflingu sveitarfélaganna þannig að hvert sveitarfélag myndi heildstætt þjónustu- og atvinnusvæði og geti staðið undir lögbundinni þjónustu sinni.

Jafnframt vísaði landsþingið til stefnumörkunar sambandsins í byggðamálum þar sem m.a. kemur fram: Sveitarfélögin verði stækkuð og eflað til að þau ráði betur við núverandi sem og ný verkefni. Markvisst verði unnið að því á fyrri hluta þessa kjörtímabils að stækka sveitarfélögin með frjálstri sameiningu. Í þeirri vinnu verði stærð sveitarfélaganna við það miðuð að þau nái a.m.k. yfir heildstæð atvinnu- og þjónustusvæði. Náist þetta markmið ekki á þeim tíma er lagt til að Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því, í samráði við ríkisvaldið, að leitað verði annarra leiða til að það markmið náist fyrir lok kjörtímabilsins 2006.

Með hliðsjón af framangreindri stefnumörkun hafa Samband íslenskra sveitarfélaga og félagsmálaráðuneytið hafið sameiginlega vinnu við átak í sameiningu sveitarfélaga. Verkefnisstjórn hefur verið skipuð til að vinna að því verkefni og endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og verkefnastjóri ráðinn. Einnig hafa verið skipaðar undirnefndir til að vinna að heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og sameiningu sveitarfélaga. Verkefnisstjórn heldur fundi með sveitarstjórnarmönnum í öllum landshlutum undir yfirskriftinni *Efling sveitarfélaga* og eru þegar afstaðnir þrír slíkir fundir og a.m.k. sex til viðbótar verða haldnir eftir áramót. Því er ljóst að sameining sveitarfélaga mun verða mikið til umfjöllunar á vettvangi sveitarfélaganna á næstu misserum.

Með vísan til þeirrar vinnu sem nú er hafin á vegum sambandsins og félagsmálaráðuneytisins við átak í sameiningu sveitarfélaga, heildarendurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga, verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og stefnumörkunar landsþings sambandsins frá síðasta hausti getur stjórnin ekki mælt með samþykkt frumvarpsins.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 12. desember 2003.

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri